

# Fundargerð XVI landsþings

## Sambands íslenskra sveitarfélaga 1998

Árið 1998, þann 24. ágúst, hófst landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga, það XVI., á Akureyri kl. 14:00.

### 1. Þingsetning

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður sambandsins, setti þingið og bauð þingfulltrúa velkomna til þingsins. Þá skal vísa í setningarræðu formanns á þingskjali 7.

### 2. Kosning þingforseta

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður sambandsins,  
Guðný Sverrisdóttir, sveitarstjóri Grýtubakkahrepps.

### Kosning þingritara

Jónas Jónsson, oddviti, Ásahreppi,  
Vilborg Gunnarsdóttir, bæjarfulltrúi, Akureyri.

### 3. Kosning kjörbréfanefndar

Formaður Ásta Sigurðardóttir, bæjarfulltrúi, Akureyri,  
Gísli Sverrir Árnason, bæjarfulltrúi, Hornafirði,  
Jóna Gróa Sigurðardóttir, borgarfulltrúi, Reykjavík

### 4. Ávarp félagsmálaráðherra

Páll Pétursson félagsmálaráðherra óskaði góðs samstarfs við nýkjörnar sveitarstjórnir og þakkaði þeim sem fyrir voru í sveitarstjórnnum gott samstarf. Hann vék að nýjum sveitarstjórnarlögum, sameiningu sveitarfélaga, samningum við kennara, yfirtöku málefna fatlaðra og að nýjum lögum um húsnæðismál. Þá ræddi hann einnig um jafnréttislög, barnaverndarlög og lög um húsaleigubætur.

Ráðherra ræddi einnig vinnumarkaðsmál, fjármálaleg samskipti sem hann taldi vera góð ef frá eru talin ágreiningsmál um fjármál Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Þá skal vísa til prentaðs eintaks af ræðu ráðherra á þingskjali 9.

### 5. Ávarp forseta bæjarstjórnar Akureyrar

Sigurður J. Sigurðsson, forseti bæjarstjórnar Akureyrar, bauð þingfulltrúa velkomna til Akureyrar.

### 6. Ávarp erlendra gesta

E. W. Rasmussen frá Danmörku ávarpaði þingið. Var ávarp hans á íslensku.

### 7. Kosning nefnda

#### Kjörnefnd skipa:

Smári Geirsson, bæjarfulltrúi, Eskifirði, Neskaupstað og Reyðarfirði,  
formaður  
Alfred Þorsteinsson, borgarfulltrúi, Reykjavík  
Ingvar Viktorsson, bæjarfulltrúi, Hafnarfirði  
Inga Jóna Þórðardóttir, borgarfulltrúi, Reykjavík  
Herdís Sæmundardóttir, bæjarfulltrúi, Skagafirði  
Ingunn Guðmundsdóttir, bæjarfulltrúi, Árborg

Ásgeir Magnússon, bæjarfulltrúi, Akureyri  
Ólafur Kristjánsson, bæjarstjóri, Bolungarvík  
Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri, Borgarbyggð

#### Allsherjarnefnd

Formaður: Ríkharð Brynjólfsson, oddviti, Borgarfirði

#### Skóla- og menningarmálanefnd

Formaður: Sigrún Magnúsdóttir, borgarfulltrúi, Reykjavík

#### Málefni fatlaðra

Formaður: Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri, Akureyri

#### Launanefnd sveitarfélaga

Formaður: Einar Njálsson, bæjarstjóri, Grindavík

#### Umhverfis-, byggða- og húsnæðisnefnd

Formaður: Magnús B. Jónsson, sveitarstjóri Höfðahrepps

#### Laganefnd

Formaður: Gísli Gíslason, bæjarstjóri, Akranesi

### 8. Skýrsla um starfsemi sambandsins 1994–1998

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður sambandsins, greindi frá starfi sambandsins síðasta kjörtímabil. Sjá prentað eintak á þskj. 3. Vísað til allsherjarnefndar.

### 9. Tillögur stjórnar um breytingu á lögum sambandsins

Tillögur stjórnar um breytingu á lögum sambandsins, lagðar fram af Guðmundi Bjarnasyni, sbr. þingskjal 11. Vísað til laganefndar.

### 10. Mál sem þingfulltrúar leggja fram

**Valgarður Hilmarsson**, oddviti Engihlíðahrepps, ræddi um sameiningu sveitarfélaga og eflingu sveitarstjórnarstigsins. Lagði fram ásamt öðrum tillögu, sjá fylgiskjal ásamt greinargerð. Leggur til að verði vísað til allsherjarnefndar sem var samþykkt.

**Gísli Gíslason**, bæjarstjóri Akranesi, ræddi málefni fatlaðra og yfirfærslu málefna grunnskóla til sveitarfélaga. Hann lagði fram tillögu um að fresta ótímabundið yfirfærslu á málefnum fatlaðra. Sjá nánar í fylgiskjali. Lagt til að vísa tillögunni til nefndar um málefni fatlaðra.

**Björg Ágúsdóttir**, sveitarstjóri í Grundarfirði, óskaði eftir að taka til máls og ræddi samskipti ríkis og sveitarfélaga. Lagði hugleiðingar sínar fyrir allsherjarnefnd. Sjá fylgiskjal Bjargar.

#### Hlé

### 11. Álit kjörbréfanefndar

Frestað, þar sem nefndin hefur ekki lokið störfum.

### 12. Erindi Karls Björnssonar bæjarstjóra Árborgar

Starfsemi Launanefndar sveitarfélaga og tillögur að breytingum og samþykktum nefndarinnar. Sjá prentað erindi Karls á þingskjali 12. Engar fyrirspurnir né umræður urðu um erindið og var því vísað til nefndar um Launanefnd sveitarfélaga.

## Álit kjörbréfanefndar

Ásta Sigurðardóttir, bæjarfulltrúi á Akureyri, gerði grein fyrir starfi kjörbréfanefndar. Rétt til setu hafa 186 fulltrúar frá 124 sveitarfélögum. Kl. 16:30 voru mættir 148 fulltrúar frá 97 sveitarfélögum.

### 13. Erindi Gunnars Rafns Sigurbjörnssonar, starfsmannastjóra Hafnarfjarðarbæjar, um Lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga

Hann ræddi um aðdraganda að stofnun lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga. Ræddi hann um skiptingu starfsmanna sveitarfélaga í B-deild LRS og vísast til þingskjals nr. 14. Engar fyrirspurnir né umræður urðu um erindið, því vísað til lífeyrissjóðsnefndar.

## Matarhlé

### Pallborðsumræður

Pallborðsumræður fóru fram kl. 20:30 um efnið sveitarfélög á tímamótum – framtíðarsýn.

Stjórnandi var Arnar Páll Hauksson.

Þátttakendur:

Birna Lárusdóttir, forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar  
Herdís Sæmundardóttir, formaður byggðarráðs í „Skagafirði“  
Sigfús Jónsson, ráðgjafi hjá Nýsi hf.  
Smári Geirsson, forseti bæjarstjórnar sameinaðs sveitarfélags Eskifjarðar,  
Neskaupstaðar og Reyðarfjarðar  
Vilhjálmur P. Vilhjálmsson, formaður sambandsins.

Rætt var og skipst á skoðunum um m.a.

- Sameiningu sveitarfélaga
- Árangur sameiningar sveitarfélaga
- Yfirfærslu verkefna frá ríki til sveitarfélaga
- Þjónustu við smærri byggðarlög í sameinuðum sveitarfélögum
- Örnefnanefnd og nafngiftir sveitarfélaga.

## Annar þingfundur

### 1. Erindi: Reynsla af yfirtöku grunnskólans

Garðar Jónsson, deildarstjóri hagdeildar sambandsins, flutti í fyrstu sitt erindi og er vísað til þingskjals nr. 15.

Einar Már Sigurðarson, forstöðumaður Skólaskrifstofu Austurlands, tók næst við. Erindi hans er þingskjal nr. 18.

Gerður G. Óskarsdóttir, fræðslustjóri Reykjavíkurborgar, lauk framsögu, vísað er í þingskjal nr. 17.

Umræður um erindin urðu nokkrar.

**Jóna Valgerður Kristjánsdóttir**, oddviti Reykhólahrepps, bar fram fyrirspurn til Garðars varðandi framlög til tónlistarkennslu. Hún lýsti líka áhyggjum sínum varðandi smáu sveitarfélögin (tvenns konar skólar) og kennaraframboð.

**Gunnlaugur A. Júlíusson**, sveitarstjóri Raufarhafnarhreppi, ræddi yfirfærsluna, benti m.a. á þá nýju stöðu að nú vanti líka kennara á Reykjavíkursvæðinu.

**Skarphéðinn Guðmundsson**, bæjarfulltrúi á Siglufirði, sagði að sér kæmu tölur Garðars á óvart því niðurstöður á Siglufirði hefðu sýnt gagnstæðar niðurstöður.

Garðar og Einar Már svöruðu fyrirspurnum.

## Hlé

### 2. Yfirtaka sveitarfélaga á málefnum fatlaðra

**Húnbogi Þorsteinsson**, ráðuneytisstjóri í félagsmálaráðuneytinu, skýrði frá störfum kostnaðarnefndar. Sjá prentað eintak, þingskjal 19.

**Valgerður Magnúsdóttir**, félagsmálastjóri á Akureyri, flutti loks erindi sitt um reynslu Akureyringa af að veita fötluðum þjónustu. Sjá þingskjal 20.

**Drífa Sigfúsdóttir**, fv. bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ, tók til máls og benti á mismun milli svæða og hversu misvel þau eru búin til að taka við verkefnum tengdum fötluðum. Hún greindi frá stöðunni í Reykjaneskjördæmi, sagði eftirspurn eftir þjónustunni ekki fullnægt og biðlista langa. Leggur til að tekin verði lengri umhugsunartími um þennan málaflokk.

**Arnþór Helgason**, varabæjarfulltrúi á Seltjarnarnesi, bað um orðið og þakkaði undanfarin erindi. Hann tæpti vítt og breitt á málefnum fatlaðra og sagði það m.a. jákvætt að færa þjónustu við fatlaða nær einstaklingnum.

## Matarhlé

### 4. Erindi: Þróun byggðar, stjórnun ríkisfjármála

Geir H. Haarde fjármálaráðherra. Ræddi hann meðal annars stöðugleika í ríkisfjármálum, sölu ríkiseigna, greiðslustöðu ríkissjóðs, sem er mjög hagstæð nú og því svigrúm til að greiða niður skuldir og lækka vaxtabyrði.

Þá ræddi ráðherra yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaga og væntanlega yfirfærslu málefna fatlaðra. Sjá þingskjal 21.

### 5. Erindi: Þróun byggðar, menntamálin

Þorsteinn Gunnarsson, rektor Háskólans á Akureyri, ræddi stefnu í byggðamálum og með hvaða hætti mætti styrkja stöðu landsbyggðar, t.d. með flutningi menntastofnana á landsbyggðina. Sjá prentað þingskjal 22.

### 6. Erindi: Þróun byggðar, hlutverk höfuðborgarinnar

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, borgarstjóri Reykjavíkur, ræddi þá þróun sem orðið hefur í búsetu á Íslandi á síðustu áratugum og þær helstu ástæður fyrir fjölgun fólks á höfuðborgarsvæðinu nú og þá þróun sem horfur eru á í framtíðinni. Sjá prentað þingskjal 23.

## Almennar umræður

**Sigurgeir Sigurðsson**, bæjarstjóri á Seltjarnarnesi, tók til máls, þakkaði framsöguerindi um byggðamálin. Hann vill styrkja byggð á Akureyri sem mótvægi við höfuðborgarsvæðið, til dæmis 35–40 þúsund manna borg. Sigurgeir spurði frummælendur hvort þeir vildu vinna að þessu á kostnað annarra svæða.

**Geir H. Haarde** fjármálaráðherra: Ekki er hægt að ákveða slíkt hér og nú en taldi hugmyndir Sigurgeirs mjög góðar.

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir**, borgarstjóri í Reykjavík: Telur ekki hægt að byggja upp Háskóla á landsbyggðinni á kostnað Háskóla Íslands og ekki hægt að flytja fjármagn frá einni menntastofnun til annarrar.

**Þorsteinn Gunnarsson**, rektor Háskólans á Akureyri: Þessi þróun á eftir að verða næstu 10–20 árin og með stórborg á Akureyri myndi styrkjast öll byggð á Norðurlandi. Fjarskiptaþekking nýtist vel og styrkir stöðu landsbyggðar.

**Dagbjört Pyri Þorvarðsdóttir**, bæjarfulltrúi á Húsavík, mælti ekki með samþjöppun byggðar á einn stað heldur væri rétt að hugsa um landið sem eina heild.

**Kristján Þór Júlíusson**, bæjarstjóri á Akureyri, þakkaði fróðleg erindi, taldi að byggðavandinn yrði ekki allur leystur með stjórnvaldsaðgerðum og varaði við að múrar myndu myndast á hvern annan, óskaði sveitarstjórnarfólki allra heilla.

**Kjartan Már Kjartansson**, bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ, þakkaði fyrir mikinn fróðleik á landsþinginu og þakkaði fimm ára skýrslu frá menntamálaráðherra um áætlun í símenntun.

**Gunnlaugur A. Júlíusson**, sveitarstjóri Raufarhafnarhrepps, þakkaði góð framsöguerindi, hlutverk stjórnvalda væri mjög sterkt á stefnu í byggðamálum. Þá lýsti hann áhyggjum af þróun heilbrigðismála á landsbyggðinni.

**Jóna Valgerður Kristjánsdóttir**, oddviti Reykhólahrepps, telur húsnaðisbætur ekki nógu háar til námsfólks af landsbyggðinni. Þá minnti hún á þann mismun sem landsbyggðin býr við í raforkumálum. Þá varpaði hún hugmynd um lægri skatta á dreifbýlisfólk.

Þá var almennum umræðum lokið og gengið til nefndastarfa kl. 15:30.

#### **Þriðji þingfundur**

1. Nefndarálit skóla- og menningarmálanefndar. Þingskjöl 24, 30, 27, flutningsmaður **Sigrún Magnúsdóttir**.

**Kristján Þór Júlíusson** og **Ásta Sigurðardóttir**, bæjarfulltrúi á Akureyri, tóku til máls.

**Sigríður Stefánsdóttir**, fyrrv. bæjarfulltrúi á Akureyri, leggur til að ályktun um menningarmál verði vísað til stjórnar sambandsins.

**Gissur Guðmundsson**, bæjarfulltrúi í Hafnarfirði, tók til máls um ályktun um fíkniefnamál.

**Jóna Valgerður Kristjánsdóttir** tók til máls um ályktun um skólamál og lagði fram breytingartillögu.

**Bragi Michaelsson**, bæjarfulltrúi í Kópavogi, tók til máls um skólamál, menningarmál og fíkniefnamál.

**Ásta Sigurðardóttir** lagði fram breytingartillögu við ályktun um grunnskólamál.

**Skúli Skúlason**, bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ, ræddi um fíkniefnamál.

**Sigrún Magnúsdóttir**, borgarfulltrúi í Reykjavík, tók til máls um fíkniefnamál, skóla- og menningarmál.

**Gísli Sverrir Árnason**, bæjarfulltrúi í Hornafirði, ræddi ályktun um menningarmál.

Samþykkt að vísa tillögu um menningarmál á þingskjali 27 til stjórnar.

#### **Tillaga að ályktun um menningarmál**

XVI. landsþingið samþykkir að fela stjórn sambandsins að taka upp viðræður við ríkisvaldið, samtök listamanna og hagsmunaaðila um það á hvern hátt megi auðvelda og fjölga heimsóknum listamanna til einstakra byggðarlaga.

Slíkar heimsóknir, í formi rithöfundakynningar, myndlistarsýninga, leiksýninga, tónleika o.s.frv. auka fjölbreytni menningarlífs í landinu og styðja við byggðarlögin og listamennina sjálfa.

Þingskjal 24a samþykkt.

## Ályktun um grunnskólamála

XVI. landsþing sambandsins telur að rekstur og uppbygging grunnskólans sé eitt mikilvægasta verkefni sveitarfélaga um þessar mundir, enda eru fræðslumálin orðin langstærsti málaflokkur þeirra. Bent skal á að frá yfirtöku sveitarfélaganna á öllum rekstri grunnskólans hafa orðið umtalsverðar breytingar til batnaðar á grunnskólahlaldi í landinu.

Sveitarstjórnir leggja metnað sinn í að sinna þörfum grunnskólans sem allra best og víðast hefur kennsla verið bæði aukin og bætt. Einsetning allra grunnskóla er vel á vegi stödd og ljóst að innan fárra ára verða allir nemendur í einsetnum skóla. Sveitarfélög hafa þegar tvöfaldað þá fjármuni sem verið er til að efla símenntun kennara m.a. með stórauðnu framboði á námskeiðum þótt það sé ótvíráð lagaskylda ríkisins að kosta slík námskeið. Bent skal á að jafna þarf aðgengi og kostnaðarhlutdeild sveitarfélaga vegna endurmenntunar og símenntunar kennara. Þá verði lögð áhersla á söfnun og miðlun upplýsinga á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Það er ljóst að auknar kröfur um að efla ýmsa þætti í starfi grunnskólans og nýjar áherslur kalla á aukinn kostnað. Við endurskoðun á samningi ríkis og sveitarfélaga um yfirtöku grunnskólans, sem fram á að fara fyrir 1. ágúst árið 2000, þarf að fara vandlega yfir kostnaðarþætti samningsins. Jafnframt verði eignarhlutdeild ríkisins á grunnskólahlúsnaði afhent sveitarfélögum frá 1. janúar árið 2001.

Landsþingið skorar á ríkisvaldið að auka verulega framboð á kennaramenntun um land allt þannig að sem allra fyrst verði hægt að ráða kennara í allar stöður. Fjöldi nýútskrifaðra kennara nægir hvorki til að veða á móti fækkun þeirra sem hætta vegna aldurs né fjölgunar stöðugilda vegna einsetningar grunnskóla. Því er fyrirþjáanlegt að fjöldi leiðbeinenda við kennslu á grunnskólastigi mun aukast á komandi árum og aðeins veruleg aukning á árlegum fjölda útskrifaðra kennara getur vegið þar á móti. Horft verði til reynslu af breytingum á kennaramenntun í nágrannalöndum. Lögð verði áhersla á aukna fjarkennslu á grunnskólastiginu.

Landsþingið lýsir ánægju með metnað sveitarstjórna varðandi grunnskólann og leggur áherslu á mikilvægi góðrar menntunar fyrir íslenskt samfélag.

Pingskjal 30 með tillögu að ályktun um fíkniefnamál var samþykkt.

## Ályktun um fíkniefnamál

XVI. landsþing sambandsins vekur athygli á að dreifing og sala ólöglegra fíkniefna fer fram með skipulögðum hætti um land allt og fíkniefnaneyslan fer stöðugt vaxandi. Ekkert sveitarfélag er undanskilið og ekkert heimili getur verið óhult.

Afleiðingarnar birtast okkur með þeim hætti að sífellt fleiri ungmenni verða háð notkun fíkniefna með þeim hörmungum sem því fylgja fyrir viðkomandi einstaklinga og fjölskyldur þeirra. Glæpir og ofbeldi eru óhjákvæmilegir fylgifiskar sölu og neyslu fíkniefna. Landsþingið lýsir áhyggjum sínum yfir fjölgun sífellt yngri neytenda áfengis og tóbaks sem oft er undanfari neyslu ólöglegra fíkniefna.

Landsþingið skorar á ríkisvaldið að auka og efla skilvirkni löggæslu og tollaeftirlits um land allt. Endurskoða og herða þarf reglur um refsingar og viðurlög í þeim tilgangi að draga úr útbreiðslu fíkniefna með áhrifaríkum hætti.

Landsþingið minnir á ályktun fulltrúaráðsfundar sambandsins á Egilsstöðum í mars sl. þar sem bent var á að „það er skylda hvers sveitarfélags að vera í forystu í baráttunni gegn þessum vágesti og stuðla að heilbrigðu samfélagi og virku æskulýðsstarfi“.

Landsþingið hvetur því sveitarstjórnir til að hafa frumkvæði að því að leiða saman krafta sveitarfélaga, ríkisins, heimila, skóla og frjálsra félagasamtaka í baráttu gegn fíkniefnaneyslunni, m.a. að fylgja eftir samþykktum um „Ísland án eiturlyfja“. Með þeim

hætti leggja sveitarstjórnir betri grunn að heilbrigðara samfélagi og bjartari framtíð ungs fólks í landinu.

2. **Einar Njálsson** kynnti álit nefndar um Launanevnd sveitarfélaga og lífeyrismál, þingskjöl 32 og 33.

Til máls um tillögurnar tók Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Reykjavík, kom með breytingartillögu sem var samþykkt með öllum þorra atkvæða, 2 voru á móti.

Þingskjál 32 var samþykkt.

### **Ályktun um starfsemi Launanevndar sveitarfélaga**

XVI. landsþing sambandsins telur að góð reynsla sé af starfi Launanevndar sveitarfélaga og launadeildar sambandsins. Þar er nú til staðar mikilsverð sérfræðipækking í launamálum og gerð kjarasamninga. Launanevnd sveitarfélaga gerir nú alla stærstu kjarasamninga fyrir sveitarfélögin í landinu.

Landsþingið hvetur sveitarfélögin til samstöðu í launamálum og harmar þau vinnubrögð sem beitt hefur verið á síðustu misserum í kjarabaráttu sem felast í uppsögnum í þeim tilgangi að laun verði hækkuð.

Landsþingið telur ennfremur að finna verði lausn á þeim vanda sem hefur skapast vegna sérsamninga nokkurra sveitarstjórna við einstaka starfshópa. Hvatt er til þess að launanevndin haldi fundi í öllum landshlutum til að ræða þá stöðu við fulltrúa þeirra sveitarfélaga sem gefið hafa nefndinni fullnaðarumboð til gerðar kjarasamninga.

Landsþingið hvetur Launanevnd sveitarfélaga til að halda launamálaráðstefnu tímanlega fyrir næstu samningsgerð þar sem lögð verði drög að stefnumörkun fyrir næstu samninga.

Þingskjál 33 var samþykkt.

### **Ályktun um lífeyrissjóðsmál**

XVI. landsþing sambandsins telur að með samkomulagi sambandsins, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Bandalags háskólamanna um stofnun Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga hafi verið mörkuð framtíðarskipan lífeyrissjóðsmála í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í nýsettum lögum.

Með stofnun Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga skapast möguleikar til verulegrar hagræðingar í lífeyrissjóðsmálum sveitarfélaga. Lífeyrissjóðurinn hefur betri möguleika en áður hafa verið fyrir hendi til að mæta margvíslegum þörfum hinna ólíku hópa sem starfa á vegum sveitarfélaganna. Ennfremur býður lífeyrissjóðurinn sjóðfélögum sínum meiri valmöguleika varðandi lífeyrisréttindi en aðrir lífeyrissjóðir gera nú.

Landsþingið beinir því til stjórnar lífeyrissjóðsins að sveitarstjórnarmönnum verði gefinn kostur á að gerast aðilar að A-deild lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga.

Landsþingið telur mikilvægt að sem flest sveitarfélög gerist aðilar að lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga til að hann eflist sem skjótast og beinir því til sveitarstjórna að taka aðildina til umfjöllunar sem fyrst en stofnaðilar að sjóðnum þurfa að hafa tilkynnt þátttöku sína fyrir 1. nóvember nk.

3. **Gísli Gíslason** kynnti niðurstöður laganefndar, þingskjál 34.

Til máls tóku:

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir** og lagði fram breytingartillögu.

**Þorsteinn Jóhannesson** flutti breytingartillögu.

**Gísli Gíslason** tók til máls á ný.

Breytingartillaga Ingibjargar samþykkt.

Breytingatillaga Þorsteins var samþykkt með 39 atkvæðum gegn 37.

Þingskjal nr. 34 var samþykkt.

### **Álit laganefndar**

Álit laganefndar er svofellt:

Laganefnd fjallaði um eftirfarandi mál:

1. Tillaga að breytingu á lögum Sambands íslenskra sveitarfélaga
2. Tillaga um setningu laga og reglugerða

Eftirfarandi er álit laganefndar á ofangreindum atriðum:

1. Tillaga að breytingum á lögum Sambands íslenskra sveitarfélaga

Laganefnd leggur til að fyrirbyggjandi tillaga að breytingum á lögum sambandsins verði samþykkt með eftirfarandi breytingum:

- a) Við 4. grein breytingartillögunnar bætist eftirfarandi: „Íbúafjöldi samkvæmt þessari grein skal miðast við 1. júní það ár sem landsþing er haldið og skal stuðst við skráningu Hagstofu Íslands á þeim tíma.“
- b) Felld verði úr 5. grein tillögunnar eftirfarandi orð: „... svo og formaður Launanefndar sveitarfélaga.“
- c) Við 9. grein bætist: „... úr hópi aðalmanna í fulltrúaráði og 9 varamanna úr hópi aðal- eða varamanna í fulltrúaráði...“
- d) Við 1. mgr. 10. greinar bætist: „... einn úr hverju kjördæmi og tveir úr Reykjavík ...“
- e) Úr 11. grein, varðandi kjörgengi fulltrúaráðsmanna falli út: „... og vara-menn“ og „... starfsmenn ...“ en í stað þess komi „framkvæmdastjórn“
- f) Orðalagi 15. greinar verði breytt þannig: Í stað orðanna: „... sendar stjórninni ...“ komi orðin: „skulu lagðar fyrir stjórn sem sendir þær fulltrúum á landsþingi ...“ og í stað orðsins „... fundarmanna ...“ í lok greinarinnar komi: „... atkvæðisbærra fulltrúa sbr. 4. grein laga þessarra.“

### Greinargerð:

1. Laganefnd taldi skv. ábendingum fulltrúa á landsþinginu nauðsynlegt að kveða skýrt á um þau tímamörk sem ákveða viðmiðun íbúafjölda á bak við hvern þingfulltrúa. Ákveðið var að leggja til dagsetninguna 1. júní, þ.e. eftir sveitarstjórnarkosningar, en áður en sveitarstjórnir koma saman til að kjósa fulltrúa á landsþingið.

2. Laganefnd taldi ekki rétt að kveðið væri í lögum sambandsins á um rétt formanns einnar nefndar til málfrelsis og tillöguréttar. Fleiri nefndir og sambönd á vegum sambandsins þyrfti að skoða í þessu sambandi, en möguleikar stjórnar á að setja ákveðin málefni á dagskrá landsþings væru það rúmir að ekki væri þörf á ákvæði sem þessu.

3. Laganefnd telur rétt að varamenn í stjórn sambandsins séu aðalmenn í fulltrúaráðinu.

4. Samkvæmt ábendingu þingfulltrúa var ákveðið að setja inn ákvæði sem tryggði það að einn fulltrúi úr hverju kjördæmi og tveir úr Reykjavík skipuðu stjórn sambandsins.



5. Laganefnd telur nauðsynlegt að þrengja kjörgengi í fulltrúaráð við aðalmenn í sveitarstjórnnum og framkvæmdastjóra sveitarfélaga.

6. Laganefnd taldi nauðsynlegt að skýra betur ákvæði 15. greinar um útsendingu gagna þegar tillaga er gerð um lagabreytingu og að lagabreyting skuli öðlast gildi ef meirihluti þeirra þingfulltrúa, sem kjörnir eru til setu á landsþinginu, samþykki breytinguna.

Í laganefnd var lauslega rætt um það hvort kalla ætti reglur um starfsemi sambandsins lög eða samþykktir, en ekki er gerð tillaga um breytingu á þessu atriði.

## 2. Eftirlit Sambands íslenskra sveitarfélaga með lagasetningu Alþingis:

Laganefnd beinir þeim tilmælum til stjórnar sambandsins að kannað verði með hvaða hætti sambandið geti sem best staðið að eftirliti með setningu laga og reglugerða sem varða sveitarfélögin í landinu. Hugað verði að því hvort ástæða sé til að setja á laggirnar sérstaka laganefnd sem fari skipulega yfir framlögð lagafrumvörp og reglugerðir.

### **Álit allsherjarnefndar**

4. **Ríkharð Brynjólfsson** kynnti álit allsherjarnefndar.

Tillögu að ályktun um ný sveitarstjórnarlög, þingskjal 31.

Tillögu að ályktun um ár aldraðra 1999, þingskjal 29.

Tillögu að ályktun um laga- og reglugerðasetningu, þingskjal 28.

Tillögu að ályktun um sameiningu sveitarfélaga, þingskjal 35.

Til máls tók:

**Valgarður Hilmarsson** um sameiningu sveitarfélaga og störf allsherjarnefndar. Lagði til að tillaga um ályktun um sameiningu sveitarfélaga yrði samþykkt.

Tillaga á þingskjali 31 var síðan samþykkt.

### **Ályktun um ný sveitarstjórnarlög**

XVI. landsþingið telur að sú umræða sem fram fór í þjóðfélaginu í tengslum við setningu nýrra sveitarstjórnarlaga á sl. vori hafi að mörgu leyti verið á villigötum.

Afar brýnt var orðið að taka af skarið um það að allt landið skiptist í sveitarfélög en ekki einungis byggðin og afréttirnir. Engin dæmi eru til um það í nálægum löndum að tiltekin landsvæði séu utan stjórnslu sveitarfélaga. Ástæða er til að ítreka það að skipting alls landsins í sveitarfélög nær eingöngu til stjórnsýsluþáttarins og snertir ekki eignarhald á landi og samkvæmt nýjum lögum um þjóðlendur öðlast ríkið eignarhald á öllu landi sem aðrir geta ekki sannað eignarrétt sinn á.

Með skýrum ákvæðum um að allt land falli undir stjórnsýslu sveitarfélaga og ákvæðum laga um eignarhald og nýtingu lands í lögum um þjóðlendur er betur en nokkru sinni fyrr tryggt að öll stjórnsýsla á hálendinu verði í samræmi við gildandi lög og reglur. Skyldur sveitarfélaga til að gera aðalskipulag, sem tekur mið af svæðisskipulagi og umhverfisráðherra þarf að staðfesta, tryggja enn frekar skynsamlega meðferð þeirra mála á hálendinu en víða hefur skort á að ákvæðum laga og reglna hafi verið fylgt á þeim svæðum, sem engin lögformleg stjórnsýsla náði til. Með gerð samræmðs svæðisskipulags fyrir miðhálandið er jafnframt tryggt að samræmis verði gætt í öllum framkvæmdum á svæðinu.

Umrætt ákvæði nýrra sveitarstjórnarlaga og lögina um þjóðlendur tryggja einnig betur en áður réttarstöðu alls almennings án tillits til búsetu eða heimilisfesti í tilteknu sveitarfélagi varðandi umgengni og nýtingu á miðhálandinu.

Landsþingið fagnar ákvæðum nýrra sveitarstjórnarlaga um nafngiftir sveitarfélaga, þar sem fram kemur að sveitarstjórn ákveði nafn sveitarfélags að fenginni umsögn örnefnanefndar og að nafn sveitarfélags skuli samrýmast íslenskri málfræði og málvenju. Nauðsynlegt er að árétta að örnefnanefnd hefur samkvæmt ákvæðum laganna einungis umsagnarrétt um nafngiftir sveitarfélaga og getur ekki þrengt þær heimildir sem sveitarstjórn hefur til að ráða nafngift sveitarfélags. Landsþingið leggur þunga áherslu á að félagsmálaráðherra virði vilja sveitarstjórna um nafngiftir sveitarfélaga.

Landsþingið telur að ákvæði nýrra sveitarstjórnarlaga leiði til skilvirkari stjórnsýslu í landinu öllu auk þess sem þau skilgreini betur en verið hefur ábyrgð sveitarstjórnarmanna og réttindi og skyldur íbúanna við sveitarfélögin. Fjármálakafli laganna er einnig skýrari en áður og stuðlar að betri fjármálastjórn, gleggri reikningskilum og ákveðnum leikreglum ef sveitarfélag lendir í fjárhagsvanda.

Landsþingið beinir því til stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga að sem fyrst verði gengið frá skýringarriti við löggin.

### **Ályktun um ár aldraðra 1999**

Tillaga að ályktun um ár aldraðra 1999 á þingskjali 29 var samþykkt svofelld:

XVI. landsþingið hvetur sveitarfélög til að standa fyrir átaki í tilefni árs aldraðra 1999.

Svofelld greinargerð fylgdi samþykktinni:

Á þingi Sameinuðu þjóðanna var samþykkt að helga árið 1999 öldruðum. Ljóst er að margs konar verkefni blasa við og að þau þarf að leysa. Átakið verður formlega kynnt 1. október nk. á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

### **Ályktun um setningu laga og reglugerða**

Tillögu að ályktun um setningu laga og reglugerða á þingskjali 28 var samþykkt að vísa til stjórnar sambandsins.

Tillagan var svofelld:

XVI. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga, haldið á Akureyri 26.–28. ágúst 1998 leggur áherslu á nauðsyn þess að sveitarfélög og samtök þeirra gæti vel að ákvæðum í lagafrumvörpum og öðrum tillögum löggjafarvaldsins sem og stjórnvaldsfyrirmælum er varða sveitarfélög, verkefni þeirra og tekjustofna.

### **Ályktun um sameiningu sveitarfélaga**

Tillaga að ályktun um sameiningu sveitarfélaga á þingskjali 35 var samþykkt svofelld:

XVI. landsþing sambandsins vekur athygli á þeim þáttaskilum sem urðu í sameiningu sveitarfélaga á síðasta kjörtímabili. Frá árinu 1990 hefur sveitarfélögunum fækkað úr 204 í 124, þar af um 47 á síðasta kjörtímabili og í flestum tilfellum hefur sameiningin verið ákveðin í lýðræðislegri atkvæðagreiðslu í hverju sveitarfélagi um sig. Það vinnulag er í samræmi við ályktun síðasta landsþings sambandsins um að unnið skyldi að sameiningu sveitarfélaga með þeim hætti að undirbúningur og framkvæmd væri í höndum heimamanna sjálfra.

Sveitarstjórnarmenn og íbúar sveitarfélaganna gera sér sífellt betur grein fyrir því að besta leiðin til að efla sveitarstjórnarstigið er að færa fleiri verkefni til sveitarfélaganna og stækka þau og efla til að takast á við ný verkefni. Jafnframt eru sveitarfélögin þá enn betur í stakk búin til að annast það fjölpætta stjórnsýsluhlutverk sem þau hafa með höndum og sinna margvíslegum skyldum sínum við íbúana.

Landsþingið hvetur til þess að áfram verði unnið að sameiningu sveitarfélaga og telur að það sé hlutverk sveitarstjórnarmanna að hafa frumkvæði þar um með skipulegum hætti.

Náist ekki viðunandi árangur í sameiningu sveitarfélaga á kjörtímabilinu er mikilvægt að fulltrúar ríkis og sveitarfélaga fjalli um aðrar leiðir í sameiningarmálum sveitarfélaga en farnar hafa verið til þessa.

5. **Kristján Þór Júlíusson** kynnti nefndarálit um málefni fatlaðra.

Ályktun um yfirtöku á málefnum fatlaðra, þingskjal 25.

Ályktun um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, þingskjal 26.

Tillaga Gísla Gíslasonar og fl. sem flutt var á fyrsta þingfundi felld inn í nefndarályktun. Þingskjal 25.

Til máls tóku:

**Gísli Gíslason**, sem ræddi yfirtöku á málefnum fatlaðra.

**Bjarni Kristjánsson**, sveitarstjóri Eyjafjarðarsveitar, telur að flýta eigi yfirtöku á málefnum fatlaðra og sett yrðu tímamörk á lok yfirtökunnar.

**Kristján Þór Júlíusson** svaraði hugmyndum Bjarna.

**Geir Ágústsson**, oddviti Gaulverjabæjarhrepps, ræddi ályktun um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og spurði hvaða verkefni eigi að flytja til sveitarfélaga.

**Kristján Þór** svaraði og nefndi til dæmis framhaldsskólann, löggæslu og heilsugæslu.

**Bjarni Kristjánsson** flutti breytingartillögu við þingskjal 25, fjórða lið. „Að þessum skilyrðum uppfylltum verði að því stefnt að yfirfærslan eigi sér stað innan tveggja ára“. Breytingartillagan var felld með öllum þorra atkvæða.

**Gísli Gíslason** varaði við því að flýta yfirfærslunni.

Þingskjal 25 var samþykkt óbreytt.

### **Ályktun um yfirtöku á málefnum fatlaðra**

XVI. landsþing sambandsins minnr á að sú stefnumörkun, sem fram kemur í lögum um málefni fatlaðra um yfirfærslu málaflokksins til sveitarfélaga 1. janúar 1999, er í anda samþykktar sem gerð var á landsþingi sambandsins 1994.

Þótt gildistöku yfirfærslunnar hafi nú verið frestað frá því sem lögin gerðu ráð fyrir hefur verkefnisstjórn og starfshópar á vegum félagsmálaráðherra unnið markvisst að undirbúningi hennar. Ennfremur hefur verið unnið að undirbúningnum í starfshópum á vegum landshlutasamtaka og safnað upplýsingum um reynslu þeirra sveitarfélaga sem yfirtekið hafa málaflokkinn sem reynslusveitarfélög.

Landsþingið telur rétt að fela sveitarfélögunum að annast málefni fatlaðra og vinna eigi áfram að undirbúningi þess. Skilyrði fyrir yfirtöku verkefnisins eru:

1. Að fullt samkomulag náist milli ríkis og sveitarfélaga um flutning verkefna og tekjustofna til sveitarfélaganna til að standa undir öllum þeim aukna kostnaði er yfirtökunni fylgir þannig að þjónusta við fatlaða verði tryggð. Tryggja verður með jöfnunaraðgerðum að tekjustofnar vegna verkefnisins fari til sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við umfang verkefnisins á hverju svæði eða í hverju einstöku sveitarfélagi.
2. Að um yfirfærsluna náist góð samstaða milli þeirra ráðuneyta sem málinu tengjast, sveitarfélaga, starfsmanna og félagasamtaka, sem gegna þýðingamiklu hlutverki á sviði málefna fatlaðra.
3. Að samstaða náist milli sveitarfélaga á tilteknum þjónustusvæðum um byggingu og rekstur einstakra þjónustupátta, sem ekki er grundvöllur til þess að færa til einstakra sveitarfélaga.

4. Að fjármögnun stofnframkvæmda verði tryggð.

Landsþingið samþykkir að þegar lokið er þeirri undirbúningsvinnu, sem nú stendur yfir, verði samningur ásamt framkvæmdaáætlun um yfirfærsluna lagður fyrir fulltrúaráðsfund sambandsins til afgreiðslu.

Tillaga að ályktun um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á þingskjali 26 var samþykkt:

#### **Ályktun um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga**

Á síðustu árum hafa sveitarfélögin tekið við verkefnum frá ríkisvaldinu í æ ríkari mæli. Allur rekstur grunnskólans er nú á vegum sveitarfélaganna og stefnt er að yfirtöku á málefnum fatlaðra innan skamms tíma. Markmið sveitarfélaga landsins í þessum efnum er eitt og hið sama, að færa þjónustuna nær íbúum sínum.

XVI. landsþing sambandsins samþykkir að áfram verði unnið að flutningi verkefna frá ríki til sveitarfélaga með það að markmiði að gera verkaskiptinguna á sem flestum sviðum skýrari og einfaldari.

6. **Magnús B. Jónsson** kynnti álit um umhverfis-, byggða- og húsnæðismál. Ályktun um umhverfismál, þingskjal 37.

Ályktun um byggðamál, þingskjal 36.

Ályktun um húsnæðismál, þingskjal 38.

Til máls tóku:

**Guðmundur Ingi Gunnlaugsson**, sveitarstjóri Rangárvallahrepps, ræddi ályktun um húsnæðismál. Telur að leggja eigi meiri áherslu á fjármagn frá ríkinu vegna lána Byggingarsjóðs verkamanna.

**Helgi Pétursson** borgarfulltrúi ræddi ályktun um umhverfismál.

Þingskjal 37 samþykkt.

#### **Ályktun um umhverfismál**

Úrlausnir í umhverfismálum eru meðal brýnustu verkefna sveitarfélaga á nýrri öld. Umhverfismálin eru sívaxandi málaflokkur og er ljóst að sveitarfélögin gegna sífellt stærra hlutverki hvað varðar áætlanir og aðgerðir til verndar umhverfinu. Á Íslandi á markaðssetning iðnaðar og þjónustu mikið undir ímynd landsins um hreint umhverfi og óspillta náttúru. Góð umgengni við umhverfið er því afar mikilvæg fyrir vöxt og viðgang þessara atvinnugreina.

Landsþingið telur afar brýnt að sveitarfélögin efli sem mest má vera fræðslu um umhverfismál til almennings og ekki síst yngstu kynslóðarinnar í gegnum skólakerfið. Horft verði sérstaklega til þessara mála við endurskoðun aðalnámsskrár sem nú stendur yfir.

Á undanförunum árum hafa sveitarfélögin unnið mikið átak að úrbótum í umhverfismálum og haft frumkvæði að þeirri byltingu sem átt hefur sér stað í aðgerðum í þessum málaflokki. Miklar framkvæmdir í sörp- og fráveitumálum víðs vegar um land eru því til staðfestingar.

Landsþingið hvetur sveitarfélög til áframhaldandi átaks í umhverfis- og náttúruverndarmálum og leggur áherslu á að það verði gert í góðu samstarfi við atvinnulífið, félagasamtök, stofnanir og íbúa sveitarfélaganna. Skorað er á sveitarfélög að vinna framkvæmdaáætlanir í umhverfismálum með hliðsjón af þeirri stefnumörkun er fram kemur í Dagskrá 21, sem samþykkt var á Ríó-ráðstefnunni 1992.

Sjálfbær þróun kallar á breytingar á heimilum, almennum lífsstíl, í stórum og smáum fyrirtækjum, í opinberum stofnunum og ekki síst í skipulagi og stjórnun einstakra

sveitarfélaga. Hlutverk og frumkvæði sveitarfélaga er því mjög mikilvægt ekki eingöngu vegna þess að mörg umhverfisverkefni heyra undir verksvið þeirra heldur miklu fremur vegna þess að sveitarfélög eru það stjórnvald sem stendur íbúunum næst.

Þingskjal 36 samþykkt.

### **Ályktun um byggðamál**

XVI. landsþing sambandsins leggur mikla áherslu á að sveitarstjórnarmenn verði virkir þátttakendur í því að marka framtíðarstefnu í byggðamálum og hrinda henni í framkvæmd. Frumkvæði, forysta og ábyrgð þarf í auknum mæli að færast í hendur heimamanna. Afar mikilvægt er að breið samstaða náist um markmið og leiðir í atvinnuuppbyggingu, menntamálum, samgöngumálum, nýtingu sjávarauðlinda og landnýtingu í byggð og á hálendinu. Ná þarf víðtækri sátt um aðgerðir í byggðamálum en auk ríkis og sveitarfélaga þurfa að koma að því verkefni stofnanir, félagasamtök, fyrirtæki og einstaklingar.

Landsþingið beinir því til ríkis og sveitarfélaga að vinna markvisst að því að skapa sátt um byggðarþróun milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar og áréttar að stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hafi forgöngu í því máli.

Landsþingið er sammála þeim meginmarkmiðum, sem tilgreind eru í þingsályktunartillögu ríkisstjórnarinnar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1998 til 2001. Í tillögunni er að finna mörg stefnumarkandi atriði sem lúta að því að styrkja byggðina í landinu með tilteknum aðgerðum. Gert er ráð fyrir sérstökum aðgerðum á svæðum þar sem röskun verður á atvinnuháttum og búsetu og mikil áhersla lögð á að efla menntun á landsbyggðinni, m.a. hvað varðar verklegar greinar tengdar atvinnulífina.

Landsþingið telur að í ljósi íbúáþróunar á síðustu árum, mikillar fólksfjölgunar á höfuðborgarsvæðinu og íbúafækkunar í öðrum landshlutum sé nauðsynlegt að líta til skipulags ríkisstarfseminnar og áhrifa hennar á íbúáþróunina. Þingið minnir á að greiðari samgöngur og fjarskipti eiga stóran þátt í að efla atvinnulíf og bæta búsetuskilyrði í hinum dreifðu byggðum. Ríkisvaldið hefur afgerandi áhrif á þessa þætti og hefur ýmsa möguleika til að draga úr aðstöðumun fólks eftir búsetu. Sérstaklega verði hugað að þáttum eins og jöfnun orkuverðs og menntunarkostnaði. Efling sveitarstjórnarstigsins og aukin valddreifing með flutningi verkefna frá ríki til sveitarfélaga á sinn þátt í að styrkja byggðina.

Landsþingið bindur vonir við að skipulagsbreytingar á starfsemi Bygðastofnunar og efling á þróunarstofum í landshlutunum og auknu samstarfi þeirra við einstakar stofnanir og félög sem tengjast nýsköpun í atvinnulífina skili árangri í því að treysta byggð í landinu öllu. Stefnit verði að því að nýjum opinberum stofnunum verði valinn staður á landsbyggðinni.

Þingskjal 38 samþykkt.

### **Ályktun um húsnæðismál**

XVI. landsþing sambandsins telur að ný húsnæðislög veiti svigrúm til að laga framkvæmd húsnæðismála að ólíkum aðstæðum í sveitarfélögunum. Samkvæmt þeim fellur niður kaupskylda og forkaupsréttur sveitarfélaga. Möguleikar skapast til að koma til móts við þau sveitarfélög sem standa frammi fyrir alvarlegum fjárhags-vanda vegna eldri ákvæða um kaupskyldu og innlaun félagslegra íbúða. Ennfremur skapast möguleiki til að selja íbúðirnar á frjálsum markaði eða breyta þeim í leiguíbúðir. Unnt verður að lækka söluverð íbúða til samræmis við markaðsverð þeirra í viðkomandi sveitarfélagi með niðurfærslu áhvílandi lána. Kostir þeirra sem fá félagsleg lán til kaupa á húsnæði á grundvelli nýju laganna aukast, þar sem val þeirra er ekki einskorðað við félagslegar íbúðir sveitarfélaganna.

Landsþingið leggur ríka áherslu á að framlög ríkisins til afskrifta og niðurgreiðslna eldri lána Byggingarsjóðs verkamanna mæti þörfum þeirra sveitarfélaga sem þurfa að innleysa íbúðir á verði sem er langt yfir markaðsverði. Athygli er vakin á að nýtt húsnæðislánakerfi mun auka eftirspurn eftir félagslegum leiguíbúðum. Því er afar brýnt að sveitarfélögum verði gert kleift að koma til móts við þær þarfir með viðeigandi lánaþyrngreiðslu. Samkomulagi þarf að ná sem allra fyrst milli ríkis og sveitarfélaga um framlög ríkissjóðs vegna þessara verkefna.

Landsþingið leggur áhersu á að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að afnema þá mismunun sem nú er í skattalegri meðferð húsaleigubóta gagnvart vaxtabótum.

Landsþingið telur nauðsynlegt að hraða útgáfu reglugerða samkvæmt nýjum lögum um húsnæðismál.

### **Reykjavík - menningarborg Evrópu árið 2000**

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson hvatti sveitarfélög landsins til að taka vel í hugmyndir sem þeim hafi borist frá Reykjavíkurborg, einni af menningarborgum Evrópu árið 2000, um það efni.

2. Kjörnefnd skilar álit:

**Smári Geirsson** gerði grein fyrir störfum kjörnefndar um skipan í fulltrúaráð, stjórn og launanefnd, um endurskoðendur og formann. Lagði hann til að stjórn geri breytingu á störfum kjörnefndar þannig að vinnan færist meira út í kjördæmin svo dæmi sé tekið.

**Loftur Þorsteinsson**, oddviti Hrunamannahrepps, tók til máls og tók undir orð Smára varðandi störf nefndarinnar.

Þingskjöl 39, 40, 41, 42 samþykkt.

### **Skipan fulltrúaráðs 1998–2002**

Tillaga um skipan fulltrúaráðs 1998–2002 á þingskjali 39:

#### **Reykjavíkurborgkjördæmi:**

##### **Aðalmenn:**

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir

Helgi Hjörvar

Sigrún Magnúsdóttir

Guðrún Ágústsdóttir

Steinunn V. Óskarsdóttir

Alfreð Þorsteinsson

Helgi Pétursson

Helga Jónsdóttir

Árni Sigfússon

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson

Inga Jóna Þórðardóttir

Júlíus Vífill Ingvarsson

Jóna Gróa Sigurðardóttir

Ólafur F. Magnússon

##### **Varamenn:**

Pétur Jónsson

Anna Geirsdóttir

Árni Þór Sigurðsson

Kristín Blöndal

Guðrún Jónsdóttir

Guðrún Erla Geirsdóttir

Halldóra Vanda Sigurgeirsdóttir

Gunnar Eydal

Guðlaugur Þór Þórðarson

Kjartan Magnússon

Guðrún Pétursdóttir

Eyþór Arnalds

Kristján Guðmundsson

Bryndís Þórðardóttir

**Reykjaneskjördæmi:****Aðalmenn:**

Sigurgeir Sigurðsson, Seltjarnarneskaupstað  
Þröstur Karlsson, Mosfellsbæ  
Bragi Michaelsson, Kópavogskaupstað  
Sigrún Jónsdóttir, Kópavogskaupstað  
Ingimundur Sigurpálsson, Garðabæ  
Magnús Gunnarsson, Hafnarfjarðarkaupstað  
Ingvar Viktorsson, Hafnarfjarðarkaupst.  
Jónína Sanders, Reykjanesbæ  
Jóhann Geirdal, Reykjanesbæ  
Sigurbjörg Eiríksdóttir, Sandgerðisbæ

**Vesturlandskjördæmi:****Aðalmenn:**

Ólafur Hilmar Sverrisson, Stykkishólmsbæ  
Guðmundur Guðmarsson, Borgarbyggð  
Þórir Jónsson, „Borgarfirði“  
Gunnar Sigurðsson, Akraneskaupstað  
Inga Sigurðardóttir, Akraneskaupstað

**Vestfjarðakjördæmi:****Aðalmenn:**

Sigurður R. Ólafsson, Ísafjarðarbæ  
Guðni Jóhannesson, Ísafjarðarbæ  
Ólafur Kristjánsson, Bolungarvík  
Jón Valgerður Kristjánsdóttir, Reykhólahreppi  
Björgvin Sigurjónsson, Tálknafjarðarhreppi

**Norðurlandskjördæmi vestra:****Aðalmenn:**

Valgarður Hilmarsson, Engihlíðarhreppi  
Guðmundur H. Sigurðsson, „Húnaþingi“  
Gísli Gunnarsson, „Skagafirði“  
Herdís Á. Sæmundardóttir, „Skagafirði“  
Skarphéðinn Guðmundsson, Siglufjarðarkaupst.

**Norðurlandskjördæmi eystra:****Aðalmenn:**

Kristján Þór Júlíusson, Akureyrarkaupstað

**Varamenn:**

Guðmundur G. Gunnarsson, Bessastaðahreppi  
Helga Thoroddsen, Mosfellsbæ  
Halla Halldórsdóttir, Kópavogskaupstað  
Flosi Eiríksson, Kópavogskaupstað  
Laufey Jóhannsdóttir, Garðabæ  
Valgerður Sigurðardóttir, Hafnarfjarkaupst.  
Lúðvík Geirsson, Hafnarfjarðarkaupst.  
Björk Guðjónsdóttir, Reykjanesbæ  
Skúli Skúlason, Reykjanesbæ  
Jóhanna Reynisdóttir, Vatnsleysustrandarhr.

**Varamenn:**

Sigríður Finsen, Eyrarsveit  
Óli Jón Gunnarssonar, Borgarbyggð  
Guðmundur Páll Jónsson, Akraneskpst.  
Sigurður Rúnar Friðjónsson, Dalabyggð  
Ríkharð Brynjólfsson, „Borgarfirði“

**Varamenn:**

Ragnheiður Hákonardóttir, Ísafjarðarbæ  
Þorsteinn Jóhannesson, Ísafjarðarbæ  
Salvar Baldursson, Súðavíkurreppi  
Þór Örn Jónsson, Hólmarvíkurhreppi  
Haukur Már Sigurðarson, Vesturbyggð

**Varamenn:**

Skúli Þórðarson, Blönduósabæ  
Elín Línadal, „Húnaþingi“  
Páll Kolbeinsson, „Skagafirði“  
Ingibjörg H. Hafstað, „Skagafirði“  
Ólöf Kristjánsdóttir, Siglufjarðarkaupstað

**Varamenn:**

Vilborg Gunnarsdóttir, Akureyrarkaupstað

Ásta Sigurðardóttir, Akureyrarkaupstað  
Reinhard Reynisson, Húsavíkurkaupstað  
Katrín Sigurjónsdóttir, Dalv.-Árskstr.-Svarf.  
Guðný Sverrisdóttir, Grýtubakkahreppi  
Gunnlaugur Júlíusson, Raufarhafnarhreppi

#### **Austurlandskjördæmi:**

##### **Aðalmenn:**

Guðmundur Bjarnason, Eskf.-Nesk-Reyðarf  
Broddi Bjarnason, „Austur-Héraði“  
Sigurlaug Gissurardóttir, „Hornafirði“  
Soffía Lárusdóttir, „Austur-Héraði“  
Ólafur Áki Ragnarsson, Djúpavogshreppi

#### **Suðurlandskjördæmi:**

##### **Aðalmenn:**

Guðjón Hjörleifsson, Vestmannaeyjakaupstað  
Sigríður Ólafsdóttir, „Árborg“  
Helga Þorbergsdóttir, Mýrdalshreppi  
Jónas Jónsson, Ásahreppi  
Sveinn A. Sæland, Biskupstungnahreppi

Sigfríður Þorsteinsdóttir, Akureyrarkaupstað  
Sigbjörn Gunnarsson, Skútustaðahreppi  
Hálfván Kristjánsson, Ólafsfjarðarbæ  
Helga Erlingsdóttir, Ljósavatnshreppi  
Ísak Jóhann Ólafsson, Þórshafnarhreppi

##### **Varamenn:**

Elísabet Benediktsdóttir, Eskf.-Nesk-Reyðarf  
Ólafur Sigmarsson, Vopnafjarðahreppi  
Þóra Kristjánsdóttir, Búðahreppi  
Ólafía Stefánsdóttir, Seyðisfjarðarkaupstað  
Katrín Ásgeirsdóttir, „Norður-Héraði“

##### **Varamenn:**

Þorgerður Jóhannsdóttir, Vestmannaeyjakst.  
Kristján Einarsson, „Árborg“  
Aldís Hafsteinsdóttir, Hveragerðisbæ  
Heimir Hafsteinsson, Djúpárhreppi  
Hjörleifur Brynjólfsson, Ölfushreppi

#### **Skipan Launanefndar sveitarfélaga 1998–2002**

Tillaga um skipan Launanefndar sveitarfélaga 1998–2002 á þingskjali 40:

##### **Aðalmenn:**

- Karl Björnsson, bæjarstjóri, Árborg
- Jón G. Kristjánsson, starfsmannastjóri, Reykjavíkurborg
- Ólafur Darri Andrason, framkvæmdastjóri fræðsluviðs, Reykjavíkurborg
- Árni Þór Sigurðsson, aðstoðarmaður borgarstjóra, Reykjavíkurborg
- Bragi Michaelsson, skrifstofumaður, Kópavogi
- Ásgeir Magnússon, forstöðumaður, Akureyri
- Gunnar Rafn Sigurbjörnsson, starfsmannastjóri, Hafnarfirði
- Pétur H. R. Sigurðsson, mjólkurtækni-fræðingur, Ísafjarðarbæ
- Jónas A. Þ. Jónsson, hdl., Seyðisfirði

##### **Varamenn:**

- Jóhanna Reynisdóttir, sveitarstjóri, Vatnsleysustrandarhreppi
- Karl Jörundsson, starfsmannastjóri, Akureyri
- Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri, Borgarbyggð



- Inga Hjaltadóttir, lögfræðingur, Reykjavíkurborg
- Gunnar Eydal, skrifstofustjóri, Reykjavíkurborg

### **Skipan stjórnar sambandsins 1998–2002**

Tillaga um skipan stjórnar sambandsins 1998–2002 á þingskjali 41:

**Formaður:** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, Reykjavík

**Aðalmenn:**

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, Reykjavík

Sigrún Magnúsdóttir, Reykjavík

Jónína Sanders, Reykjanesbæ

Ólafur Hilmar Sverrisson, Stykkishólmi

Sigurður R. Ólafsson, Ísafjarðarbæ

Valgarður Hilmarsson, Engihlíðarhreppi

Kristján Þór Júlíusson, Akureyri

Guðmundur Bjarnason, 7300

Sigríður Ólafsdóttir, Árborg

**Varamenn:**

Júlíus Vífill Ingvarsson, Reykjavík

Guðrún Ágústsdóttir, Reykjavík

Sigrún Jónsdóttir, Kópavogi

Guðmundur Guðmarsson, Borgarbyggð

Þorsteinn Jóhannesson, Ísafjarðarbæ

Gísli Gunnarsson, Skagafirði

Reinhard Reynisson, Húsavík

Brodði Bjarnason, Austur-Héraði

Jónas Jónsson, Ásahreppi

### **Endurskoðendur sambandsins 1998–2002**

Tillaga um endurskoðendur sambandsins 1998–2002 á þingskjali 42:

**Aðalmenn:**

- Gunnar Valur Gíslason, sveitarstjóri, Bessastaðahreppi
- Helga Jónsdóttir, borgarritari, Reykjavík

**Varamenn:**

- Sigurrós Þorgrímsdóttir, bæjarfulltrúi, Kópavogi
- Tryggvi Harðarson, bæjarfulltrúi, Hafnarfirði

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson var einróma endurkjörinn formaður.

Þingforseti þakkaði loks samstarfið og nýkjörinn formaður ávarpaði þingfulltrúa.

Þingfundir var slitið kl. 15:00.

Ritarar:

*Vilborg Gunnarsdóttir*

*Jónas Jónsson*